

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 186/2020, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars.

1. gr.

1. málslíður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allar veiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar, á eftirfarandi veiðisvæðum humars, frá og með 16. mars 2021 til og með 15. mars 2022:

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. febrúar 2021.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.